

LÖG

um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurbreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ólafsvíkurbreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið um allan núverandi Ólafsvíkurbrepp og heitir Ólafsvíkurkaupstaður. Heyrir umdæmið til Vesturlandskjördæmi.

2. gr.

Sýslumaður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

3. gr.

Sýslunefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og bæjarstjórn Ólafsvíkurkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eign eða vörslu Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur atriði er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara. Nái þessir aðilar ekki samkomulagi skal félagsmálaráðherra úrskurða hvernig með skuli fara.

4. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum samkvæmt þeim lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til næstu bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

Gjört í Reykjavík, 23. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.